

Nd.

273. Nefndarálit

um frv. til laga um lyfjafræðingaskóla Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og orðið ásátt um að mæla með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. 1. málsg. greinarinnar orðist svo:
Skólanum stjórnar fjögurra manna skólanefnd: Landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, og þrír menn, er ráðherra skipar, einn eftir tillögu lækna-deildar háskólans, annan eftir tillögu Lyfsalafélags Íslands og hinn þriðja eftir tillögu Lyfjafræðingafélags Íslands. Afl atkvæða ræður úrslitum á skólanefndarfundum. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna í 1. málsg. greinarinnar „í lyfjabúðum landsins“ komi: í lyfjabúðum landsins, sem til þess teljast hæfar.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Lögin öðlast þegar gildi, og tekur skólinn til starfa 1. október 1940.

Alþingi, 29. marz 1940.

Thor Thors, Vilm. Jónsson, Bergur Jónsson.
form. fundaskr., frsm.
Garðar Þorsteinsson, Sveinbjörn Högnason.